

Fundur skólaráðs 22.mars,2012.

Mættar á fundinn voru: Guðlaug, Helga Kristín, Ólína, Hildur, Sigurlína og Erla.

- Val á unglíngastigi - Helga og Guðlaug fóru yfir hvernig valið var framkvæmt og sögðu frá því að búið væri að ganga frá valinu og senda heim með nemendum. Einnig hefur verið rætt við þá nemendur sem ekki fengu óskir sínar uppfylltar. Engar breytingar hafa verið gerðar á bundnu vali.
- Gæsla í frímínútum - farið var yfir gæslu í frímínútum og hvernig þær eru mannaðar. Hefur gengið vel í vetur.
- Forfallakennsla - spurt var um forfallakennslu. Öll forfallakennsla í Mýró er mönnuð en í Való er reynt að manna langvarandi forföll. Foreldrar hafa áhyggjur af 7. bekk og forföllum þar, telja hann til miðstigs.
- Reykjaferð - spurt var um kostnað við Reykjaferð 7. bekkjar en ferðin kosta um kr. 20,000 og þar af borga foreldrar kr. 17,000 sem er fyrir uppihaldi. Ekki hefur gengið sem skyldi hjá bekkjunum að safna fyrir ferðinni og því lýsti Sigurlína áhyggjum sínum af því að ekki allir foreldrar hefðu efni á að borga fyrir sitt barn. Það er spurning hvort þessi ferð verði að vera eða hvort hægt væri að gera eitthvað annað sem ekki kostaði svona mikið. Guðlaug og Helga eiga fund í fyrramálið með foreldrafulltrúum í 7.bekk og munu ræða þessi mál.
- Prófadarar – spurt var um prófadaga í Való. Þeir verða nokkrir í 8.-10. bekk mismunandi margir eftir aldri en enginn í 7. bekk.
- Faggreinakennsla í Való – almennt eru fagmenntaðir kennarar í íslensku, stærðfræði og tungumálum en vantar í náttúrufræði. Foreldrar í skólaráði hafa áhyggjur af náttúrufræðikennslunni.
- Skólaárið 2012-2013 – sagt frá undirbúningi fyrir næsta skólaár. Ljóst að það vantar fleiri tíma og eru foreldrar tilbúnir að styðja okkur í að fá meira tímamagn.

Ákveðið að hafa næsta fund eftir ca. 4 vikur.

Ólína Thoroddsen